

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2023, þriðjudaginn 29. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkharðssyni, Ernu Birgisdóttur og Björgu Ástu Þórðardóttur.

Fyrir er tekið málið nr. 14/2023:

Framkvæmdarstjóri KSÍ

gegn

Búa Vilhjálmur Guðmundsson og KFK

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Framkvæmdarstjóri KSÍ

Klara Bjartmarz

Kærði:

Búi Vilhjálmur Guðmundsson og KFK

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 15. ágúst 2023 var tekin fyrir greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 15. ágúst 2023, sem send var nefndinni skv. grein 19.2 í lögum KSÍ.

Kærðu var gefin kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. 15. ágúst 2023. Greinargerð barst frá kærða, Búa Vilhjálmur Guðmundsson, þann 22. ágúst 2023.

II.

Málsatvik:

Í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ kemur fram að málið varði atvik í leik Vængja Júpiters og KFK í 4. deild karla, þar sem þjálfari KFK, Búi Vilhjálmur Guðmundsson, kunni að hafa gerst brotlegur við gr 15 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Hafi þjálfari KFK, að sögn vitna, viðhaft ummæli um gagnvart leikmönnum KSÍ, annars vegar hafi hann kallað leikmann KFK, Lassane Drame, „helvítis apakött“ ásamt því að kalla leikmenn KFK frá Spáni „spanish cunts“.

Í greinargerð framkvæmdastjóra er jafnframt vísað til greina 5.2, 5.3 og 5.5 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og tekið fram að hvorki dómari né aðstoðarmenn hans í leik Vængja Júpiters og KFK hafi orðið varir við þau atvik sem lýst sé hér að ofan og hafi því ekki brugðist við vegna þessa.

III.

Kærðu var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. 15. ágúst 2023 og barst greinargerð frá kærða Búa Vilhjálmi Guðmundssyni (hér eftir „kærði“) þann 22. ágúst 2023.

Er að hálfu kærða þess aðallega krafist að málinu verði vísað frá en að öðru kosti er þess krafist að kærða verði ekki gerð refsing og hann hreinsaður af þeim ásökunum sem honum eru gefnar að sök. Þá er gerð krafa um að þeir aðilar, sem sett hafa fram þær ásakanir sem um ræðir, verði gert að kærða kostnað vegna málsins.

Er því hafnað og mótmælt sem röngu að kærði hafi viðhaft nokkra þá hegðun sem fjallað er um í 15. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Er því enn fremur mótmælt að kærði hafi kallað umrædd ummæli inn á völlinn í fyrrgreindum leik.

Er því til stuðnings vísað til yfirlýsingar frá leikmönnum og liðsstjórn KFK sem tóku þátt í og voru við varamannabekk í umræddum leik. Í yfirlýsingunni, sem undirrituð er af 11 leikmönnum og liðsstjórn KFK, kemur fram að enginn undirritaðra hafi heyrt kærða viðhafa fyrrgreind ummæli á meðan á leiknum stóð.

Telur kærði málið allt byggt á sögusögnum og líklega byggt á framburði fyrrverandi leikmanns KFK sem var ósáttur við kærða. Telur kærði að tilgangurinn með málinu sé koma honum í vandræði gagnvart KSÍ eða koma því til leiðar að honum verði sagt upp sem þjálfara.

Af hálfu kærða er minnt á að ekki sé hægt að gera honum refsingu nema það teljist sannað að hann hafi viðhaft þá háttsemi sem honum er gefið að sök og það verði að liggja fyrir með skýrum hætti hvað hann á að hafa sagt. Þá verði jafnframt nefndin að meta, telji hún sannað að ummælin hafi verið látin falla, að þau falli undir að teljast „mismunum“, sbr. gr. 15.1 í reglugerðinni.

IV.

Niðurstaða:

Mál þetta var tekið til umfjöllunar hjá aga- og úrskurðarnefnd á grundvelli greinargerðar framkvæmdastjóra KSÍ þar sem því var beint til aga- og úrskurðarnefndar að taka til skoðunar meint atvik í leik Vængja Júpíters og KFK í 4. deild karla 13. júlí 2023. Hefur framkvæmdastjóri KSÍ ótvíræða heimild til þess að beina brotum aðila á lögum og reglugerðum KSÍ til aga- og úrskurðarnefndar, sbr. gr. 21.2 í lögum KSÍ, sbr. og gr. 5.2 og 5.3 í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Er málið því tækt til efnismeðferðar og ekki talið háð slíkum annmörkum að vísa beri því frá.

Meðfylgjandi greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ fylgdi tölvupóstur frá viðmælanda í hlaðvarpsþætti, sem ekki var aðili að umræddum leik, þar sem vakin var athygli KSÍ á meintum ummælum þjálfara KFK. Þá fylgdu með tölvupóstinum jafnframt útprentun á samskiptum við aðila, sem ekki voru nafngreindir, þar sem ummælin virðast staðfest.

Fyrir liggur í málinu að dómarrar leiksins urðu ekki varir við að kærði hafi viðhaft umrædd ummæli. Þá liggur fyrir skrifleg og undirrituð yfirlýsing leikmanna og liðsstjórnar KFK, sem tóku þátt í umræddum leik og voru við varamannabekkin, þar sem því er lýst yfir að enginn undirritaðra hafi orðið þess var að kærði hafi viðhaft umrædd ummæli á meðan á leik stóð. Þá liggur jafnframt fyrir í málinu skrifleg yfirlýsing þjálfara Vængja Júpíters sama efnis.

Til að aga- og úrskurðarnefnd geti fellt háttsemi undir 15. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál þarf að liggja fyrir fullnægjandi sönnun að kærði hafi viðhaft þau ummæli sem vísað er til í greinargerð framkvæmdarstjóra KSÍ, sbr. m.a. dóm áfrýjunardómstóls í máli nr. 1/2021. Er það mat aga- og úrskurðarnefndar að gögn málsins beri slíkt ekki með sér. Einu gögnin sem liggja fyrir varðandi meint ummæli séu tölvupóstur frá aðila, sem ekki var vitni að meintum ummælum og rafræn samskipti við ónafngreinda aðila. Verður fullnægjandi sönnun um að brotið hafi verið gegn gr. 15.1 í reglugerð um aga- og úrskurðarmál ekki byggð á slíkum gögnum. Þvert á móti renna önnur gögn málsins, sbr. yfirlýsing leikmanna og liðsstjórnar KFK og yfirlýsing þjálfara Vængja Júpíters, stoðum undir málalíbúnað kærða í málinu.

Hvað varðar kröfu kærða um greiðslu kostnaðar þá hefur henni verið beint að „þeim aðilum sem sett hafa fram þær ásakanir sem hér um ræðir...“. Er óljóst að hverjum krafa kærða beinist að en samkvæmt orðalagi hennar virðist henni ekki beint að framkvæmdarstjóra KSÍ. Samkvæmt gr. 11.1 d) í reglugerð um aga- og úrskurðarmál er aga- og úrskurðarnefnd eingöngu heimilt að úrskurða aðila máls til greiðslu kostnaðar. Þar sem kröfu kærða virðist vera beint gegn öðrum en aðila málsins verður henni þegar af þeim sökum hafnað.

VI.

Úrskurðarorð:

Búa Vilhjálmí Guðmundssyni og KFK verður ekki gert að sæta viðurlögum í samræmi við 15. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 16.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]